

## T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir kirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum  
(Lagt fyrir 59. kirkjuþing 2019)

Flutt af kirkjuráði  
Frsm. Arna Grétarsdóttir

### 1. gr.

Á eftir 1. mgr. 23. gr. starfsreglnanna kemur ný málsgrein sem orðast svo:  
Tekjur sem renna til kirkjumálasjóðs, af jörðum sem prestssetur standa á, skulu að 1/10 hluta renna til þeirrar sóknar sem prestssetursjörðin heyrir til. Frá þessum tekjum dregst frá sú þóknun sem presti skal greidd skv. 1. mgr.

### 2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

### *Athugasemdir við starfsreglur þessar.*

Á síðustu árum hefur kirkjumálasjóður og biskupsembættið breytt hlunnindatekjum presta, er sitja prestssetursjarðir, í þá veru að taka hlunnindin undan prestssetrunum og greiða þau inn í miðlægan sjóð. Þetta er fyrirkomulag sem færir kirkjuna til nútímans, enda þurfa prestar ekki lengur að reiða sig á tekjur jarðanna til framfærslu. Hlunnindin verða eftir sem áður til í sveitunum og þykir með þessari tillögu sanngirnis gætt, er varðar skiptingu hlunninda, að sóknarnefndir fái lítinn skerf af þeim tekjum sem verða til í þeirra heimabyggð.

Um er að ræða litlar sóknir sem hafa ekki mikið fé til að halda kirkjum við og sinna kristnihaldi. Ekki eru í þessari tillögu sett skilyrði fyrir notkun fjármunanna, en vel mætti hugsa sér að þeir færu til hvers konar kærleiksþjónustu í prestakallinu, til viðhalds kirkju/kirkjum eða annarrar stoðþjónustu boðunnar er sóknarnefndir meta í hvert sinn sem aðkallandi.

Við úthlutanir annarra styrkja á vegum Jöfnunarsjóðs sókna, Kristnisjóðs og kirkjumálasjóðs er gert ráð fyrir að tekið verði tillit til þessara sértekna sókna til að

gæta jafnræðis með þeim sóknum sem ekki hafa möguleika á sértekjum í gegnum hlunnindi jarða kirkjunnar.

Sóknarnefndarfólk hefur kallað eftir þessu á nokkrum stöðum og þykir það réttlætismál að heimabyggð fái að njóta þeirra gæða er jarðirnar gefa af sér. Þessu hefur verið líkt við kvóta sem tekinn er úr byggðarlaginu og fluttur til þéttbýlisins eða höfðuborgarinnar.

Gera má ráð fyrir að þeim sóknum fjölgi sem falla munu undir þetta ákvæði, eftir því sem prestsembættum fækkar, þar sem hlunnindi renna beint til prestanna samkvæmt haldsbréfi.

Listi yfir hlunnindi sem undanskilin eru prestsembættum 1. október 2019:

Prestssetur undanskilin hlunnindum:

Hof, Vopnafirði

Stafholt

Reynivellir

Mosfell, Mosfellsdal

Syðra-Laugaland, Eyjafirði

Heydalir

Samanlagður kostnaður kirkjumálasjóðs vegna greiðslu 10% hlunninda til sókna yrðu á bilinu 2-3 millj. kr. á ári miðað við hlunnindatekjur ársins 2019.